

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

3. apríl 2023

Umsögn ÖBÍ - réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi), 856. mál.


**ÖBÍ – réttindasamtök taka heilshugar undir að ráðist verði í aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, að réttarstaða brotþola skuli bætt og forvarnir og fræðsla skuli efla.**

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland er aðili að leggur áherslu á skyldur aðildarríkja til að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan fyrir hvers kyns ofbeldi, sbr. 16. gr. samningsins. Íslenskar sem erlendar rannsóknir sýna að fatlað fólk er í sérstökum áhættuhópi sem þolendur ofbeldis. Kannanir sýna einnig að meiri líkur eru á að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi en þeir sem ófatlaðir teljast. Einkum eru ungar konur sem glíma við fötlun líklegri til að verða fyrir kynferðisbroti.<sup>1</sup>

Tekið er fram að í skýringum við greinina verði reifað það verklag sem gengið er út frá að verði innleitt í heilbrigðisþjónustu vegna heimilisofbeldismála, þ.m.t. að heilbrigðisstarfsmaður geti haft samband við réttindagæslumann vegna heimilisofbeldis gagnvart fötluðum einstaklingi. ÖBÍ fagnar því að tekið verði sérstakt tillit til aðstæðna fatlaðra einstaklinga við framkvæmd ákvæðisins.

***Ekkert um okkur án okkar!***

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ



Andrea Valgeirsdóttir  
lögfræðingur

<sup>1</sup> <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Ofbeldi-gegn-fotludum-2020.pdf>